

D Ó M U R

Mál þetta er höfðað með stefnu birtri 18. desember 2013 og dómtekið 28. október sl. Stefnandi er Atlantsolía ehf., Lónsbraut 2, Hafnarfirði. Stefndi er Landsbankinn hf., Austurstræti 11, Reykjavík.

Í endanlegri kröfugerð sinni krefst stefnandi þess aðallega að viðurkennt verði að eftirstöðvar skuldar stefnanda við stefnda, samkvæmt lánsamningi 15. febrúar 2007 hafi eftir greiðslu vaxta og afborgunar þann 1. október 2013 numið 268.841.3322 krónum, en til vara að eftirstöðvar þann dag hafi numið 291.549.258 krónum.

Stefndi krefst sýknu auk málskostnaðar.

Við meðferð málsins hefur verið tekið tillit til fyrirmæla laga nr. 80/2013 um breytingu á lögum nr. 91/1991 um meðferð einkamála, með síðari breytingum, á þá leið að hraða skuli meðferð dómsmála sem lúta að lögmati þess að binda fjárskuldbindingu við gengi erlendra gjaldmiðla eða vísitölu eða lúta að uppgjöri slíkra skuldbindinga.

Málsatvik

Sakarefni málsins lýtur einkum að heimild stefnda, sem lánveitanda, til að áskilja sér vexti samkvæmt 1. málslíð 4. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu gegn fullnaðarkvittunum stefnanda við endurútreikning láns sem stefnandi tók upphaflega hjá Landsbanka Íslands hf. 15. febrúar 2007. Ekki er um það deilt að lánið var bundið ólögmati gengistryggingu. Ekki er heldur um það ágreiningur að stefndi fer með öll réttindi og skyldur lánveitanda samkvæmt lánsamningnum.

Atvik málsins eru að meginstefnu ágreiningslaus.

Tilgangur stefnanda samkvæmt skráningu í fyrirtækjaskrá er innflutningur á eldsneyti, sala á olíuvörum og skyld starfsemi. Stefnandi leggur á það áherslu að hann hafi ekki sérþekkingu á sviði lánveitinga eða gjaldeyrismálum andstætt Landsbanka Íslands hf. og nú stefnda. Í málinu hafa verið lagðir fram ársreikningar stefnanda sem sýna að rekstrartekjur stefnanda námu tæpum sjö milljörðum árin 2011 og 2012. Þá skilaði stefnandi rúmlega 112 milljónum króna í hreinan hagnað árið 2011 og rúmlega 164 milljónum ári síðar. Af hálfu stefnanda er vísað til þess að þótt stefnandi teljist samkvæmt þessu tiltölulega stórt fyrirtæki á íslenskan mælikvarða sé hann langminnsta fyrirtækið á innlendum olíumarkaði.

Stefnandi og Landsbanki Íslands hf. gerðu með sér þrjá lánsamninga á árunum 2007 og 2008 um svonefnd fjölmyntalán, þ.á m. fyrrgreindan samning 15.

febrúar 2007. Sjálfstætt dómssmál er rekið um hina tvo samningana, en þau lán hefur stefnandi greitt upp að fullu andstætt því láni sem hér ræðir. Lánið var að jafnvirði 875.000.000 króna, til 15 ára og skyldi endurgreitt að fullu með 180 jöfnum afborgunum, mánaðarlega. Lánsfjárhæð var bundin gengi fimm erlendra gjaldmiðla í nánar tilteknum hlutföllum. Fyrsti gjalddagi afborgana og vaxta var 1. mars 2007. Stefnandi hefur ætíð staðið full skil á öllum greiðslum vegna lánsins í samræmi við greiðsluáætlun þess.

Með bréfi stefnda 5. september 2011 var stefnanda tilkynnt um endurútreikning lánsins samkvæmt lögum nr. 151/2010. Samkvæmt endurútreikningi lækkaði höfuðstóll lánsins úr 1.313577.315 krónum í 671.298.111 krónur og nam lækkan eftirstöðva þannig 48,90%. Í bréfinu kom fram að eftirstöðar mynduðu nýjan höfuðstól en skilmálar lánsins, aðrir en skilmálar um vexti og gengistryggingu, héldu áfram óbreyttir. Var jafnframt tekið fram að þar sem breytingar hefðu verið gerðar í samræmi við ákvæði laga væri ekki nauðsynlegt að gera skriflegan viðauka við lánið og myndi bankinn senda greiðslutilkynningar á næsta gjalddaga í samræmi við þetta. Ágreiningslaust er að við umræddan endurútreikning var ekki tekið tillit til þess að þeir vextir sem reiknaðir voru aftur í tímann samkvæmt 1. málslíð 4. gr. laga nr. 38/2001 námu í ýmsum tilvikum hærri fjárhæðum en stefnandi hafði greitt í reynd vegna vaxta.

Með bréfi 21. október 2011 gerði lögmaður stefnanda athugasemdir við endurútreikninga stefnda vegna áðurgreindra lána stefnanda. Í bréfinu kom fram að stefnandi teldi ekki koma til greina að raska með afturvirkum hætti uppgerðum tímabilum lánsamninga, sem gerðir hefðu verið upp með greiðslu greiðsluseðla og útgáfu fullnaðarkvittana, og að stefnandi teldi sér ekki skylt að greiða hærri vexti fyrir liðna og uppgerða tíð líkt og endurútreikningarnir gerðu ráð fyrir. Sagði í bréfinu að stefnandi gæti því ekki fallist á að endurútreikningar stefnda væru byggðir á réttum forsendum. Stefnandi hygðist engu að síður greiða áfram afborganir af lánsamningunum til samræmis við endurútreikningana en „gerir alla fyrirvara og áskilur sér rétt til endurgreiðslu ofgreiddra gjalda, leiði lög eða dómur Hæstaréttar að lokum til hagstæðari niðurstöðu.“

Með bréfi stefnda 23. maí 2013 var vísað til dóma Hæstaréttar 15. febrúar 2012 í máli nr. 600/2011 og 18. október það ár í máli nr. 464/2012. Sagði í bréfinu að bankinn væri byrjaður að leiðrétta endurreikninga fasteignalána einstaklinga sem féllu skýrlega undir fordæmi í máli nr. 600/2011. Hins vegar væri það mat bankans að þörf væri á frekari dómafordæmum til að skýra hvort og hvernig bæri að leiðrétta endurreikning annarra lána, þar með talið lána til fyrirtækja. Var í þessu sambandi vísað til tiltekinna mála sem til meðferðar voru hjá dómstólum. Í tölvubréfi 19. ágúst það ár svaraði starfsmaður stefnda fyrirsvarsmanni stefnanda á þá leið endurreikningur fyrir lögaðila væri lítillaga hafinn. Í málinu liggja fyrir gögn um viðræður málsaðila um endurútreikning lána stefnanda á fundi 3. september sama ár. Af fundargerð fundarins verður ráðið að stefndi hafi ekki talið þau skilyrði sem fram koma í fyrrnefndum dómi Hæstaréttar 18. október 2012 uppfyllt og hafnað sjónarmiðum stefnanda um fullnaðarkvittanir. Verður ráðið af gögnum málsins að stefnandi hafi í framhaldinu gert reka að sjálfstæðum endurútreikningi lánsins. Liggja fyrir í málinu útreikningar endurskoðunarfyrirtækis 25. nóvember 2013 sem miðast við forsendur og gögn frá stefnanda og eru grundvöllur kröfugerðar hans.

Ekki var um að ræða munnlegar skýrslur við aðalmeðferð málsins.

Málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi reisir kröfur sínar í grundvallaratriðum á því að stefnda hafi við endurútreikning lánsins verið óheimilt að endurreikna til hækkunar vexti fyrir greiðslutímabil sem stefnandi hafði þegar greitt upp og fengið fyrir fullnaðarkvittun í skilningi fordæma Hæstaréttar. Hafi ólögmætur endurreikningur vaxta valdið því að stefndi krafði stefnanda um hærri eftirstöðvar en honum var heimilt. Beri stefnda því að endurgreiða honum það fé sem ofgreitt var með vöxtum og dráttarvöxtum.

Stefnandi vísar til þess að ágreiningslaust sé að lánið hafi verið bundið ólögmætri gengistryggingu í andstöðu við ákvæði laga nr. 38/2001 og hafi stefndi viðurkennt ólögmætið án fyrirvara og endurreiknað lánið. Stefnandi telur einnig að stefndi hafi viðurkennt að reikna hafi átt lánið út að nýju í samræmi við regluna um fullnaðarkvittanir. Stefnandi hafi þannig beðið í góðri trú og réttmætri vissu í tæpt ár eftir nýjum endurútreikningi. Stefnandi mótmælir fullyrðingum stefnda um umfang viðbótarkröfu hans vegna vaxta og því sem stefnandi nefnir „15% þröskuldareglu“.

Stefnandi telur að höfuðstól lánsins eigi að miða við upphaflega lánsfjárhæð í krónum án gengistryggingar og allar raunafborganir af höfuðstól eigi að koma honum til frádráttar. Stefnandi eigi því rétt á endurgreiðslu þeirrar viðbótarkröfu sem stefndi tók sér við endurútreikning lánsins, þ.e. endurgreiðslu vegna vaxtagreiðslna þar sem greiddir vextir voru hærri en vextir samkvæmt 4. gr. laga nr. 38/2001. Einnig eigi stefnandi rétt á því að sjálf endurgreiðslukrafa hans beri vexti, aðallega samkvæmt 4 gr. laga nr. 38/2001 en til vara samkvæmt 8. gr. laganna.

Stefnandi vísar til þess að synjun stefnda við endurgreiðslu of hárra vaxtagreiðslna og greiðslna af of háum höfuðstól fari gegn meginreglum á sviði kröfuréttar, lögverndun eignarréttinda og dómafordæmum Hæstaréttar um fullnaðarkvittanir. Aðferð stefnda fari einnig í bága við útreikningsaðferðir annarra lánastofnana. Fjármálafyrirtæki hafi fengið undanþágu Samkeppniseftirlitsins frá 10. og 12. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 til samræmingar við endurútreikning ólögmætra gengislána. Stefnandi mótmælir túlkun stefnda á dómum Hæstaréttar, ekki síst hvað varðar það skilyrði að umfang viðbótarkröfu verði að vera verulegt svo að skuldari geti byggt rétt á fullnaðarkvittunum. Verði umfang viðbótarkröfu talið hafa áhrif við mat um beitingu reglunnar um fullnaðarkvittanir, þá sé ljóst að það atriði sé aðeins einn af fimm undirliðum eins af þremur meginatriðum við matið. Matið sé því heildarmat.

Stefnandi vísar til þess að ágreiningslaust sé að festa hafi verið á framkvæmd lánsamningsins, en endurgreiðslukröfur stefnanda hafi stofnast í hvert sinn sem hann ofgreiddi af láninu. Endurgreiðslukröfur samanstandi af ofgreiddum höfuðstól og ofgreiddum vöxtum. Verði útreikningur stefnda látinn standa hafi hann auðgast með ólögmætum hætti um það sem ofgreiðslum stefnanda nemur. Stefnandi eigi rétt á endurgreiðslu á ofgreiðslum vegna of hás höfuðstóls sem stefnandi greiddi vegna þess að stefndi gerði ranglega ráð fyrir meintri

viðbótarkröfu sinni við endurútreikning höfuðstóls.

Stefnandi byggir á því að öll skilyrði séu uppfyllt fyrir því að stefnandi geti byggt rétt á fullnaðarkvittunum. Í fyrsta lagi hafi stefnandi verið í góðri trú þegar hann greiddi í samræmi við greiðslutilkynningar stefnda og fékk í staðinn kvittanir fyrir hverja greiðslu. Í öðru lagi hafi verið verulegur aðstöðumunur á aðilum. Stefnandi sé fjármálafyrirtæki á lánamarkaði sem geri allar gerðir lánsgerninga, allt frá einföldum upp í mjög flókna og umfangsmikla. Stefnandi hafi enga sérþekkingu á sviði lánssskuldbindinga og hafi aldrei starfað lögfræðingur innan fyrirtækisins. Í þriðja lagi hafi það augljóslega staðið lánveitandanum nær að gæta að lögmæti lánasamninga og þar með nær að bera áhættuna af mistökum sínum. Í þessu sambandi bendir stefnandi á að komin hafi verið á festa við framkvæmd samningsins þar sem við fyrri endurútreikning höfðu verið greiddir 54 gjalddagar af 180. Lánið hafi alltaf verið í skilum. Stefnandi hafi með réttmætri vissu mátt halda að stefndi ætti ekki lögmæta viðbótarkröfu á sig mörgum árum eftir að stefnandi byrjaði að fá fullnaðarkvittanir í hendur fyrir afborgunum. Lánveitandi hafi samið samning einhliða og án nokkurrar aðkomu stefnanda sem var ekki gert kleift að koma með athugasemdir eða tillögur. Þar fyrir utan hafi stefnandi ekki haft neina þekkingu til að bera við samningsgerðina. Ekki sé réttlætanlegt fyrir stefnda að bera fyrir sig viðbótarkröfu á grundvelli sinna eigin mistaka við útgáfu greiðsluseðla og fullnaðarkvittana. Auknar kröfur verði að gera til stefnda sem fjármálafyrirtækis.

Stefnandi telur viðbótarkröfu stefnda vera verulega. Meint viðbótarkrafa stefnda nemi 223.842.084 krónum eða 26% af upphaflegum höfuðstól og 95% af greiddum vöxtum. Samkvæmt þessu eigi öll rök að baki reglunni um fullnaðarkvittanir við um aðstæður aðila. Stefnandi hafi gefið út skýrar yfirlýsingar til stefnanda um uppfyllta greiðsluskyldu með útgáfu kvittana. Fjárhagslegir hagsmunir stefnanda af endurgreiðslu viðbótarkröfu séu verulegir. Stefnandi hafi haft réttmætar væntingar og borið traust til lánveitanda. Lánveitandi hafi einhliða samið hina stöðluðu samningsskilmála. Stefnandi hafi vísað til þess að beðið væri með nýjan endurútreikning vegna mála Plastiðjunnar og þrotabús Bergeyjar Fasteignafélags ehf. Í báðum tilvikum hafi niðurstaðan orðið sú að leggja regluna um fullnaðarkvittanir til grundvallar.

Stefnandi byggir á því að reglan um fullnaðarkvittanir girði fyrir viðbótarkröfur stefnda fyrir liðna tíða vegna vaxta en hafi ekki áhrif á endurgreiðslukröfur stefnanda vegna ofgreiðslna vaxta. Reglan gildi aðeins sem undantekning frá viðbótargreiðslum til stefnda en ekki sem undantekning frá meginreglunni um endurgreiðslu ofgreidds fjár. Þar fyrir utan hafi stefnandi, eins og gefi að skilja, aldrei gefið út neinar fullnaðarkvittanir til stefnda, sem eitt og sér girði fyrir beitingu reglunnar.

Við munnlegan flutning málsins var vísað til endurútreiknings stefnda á þremur öðrum lánnum, sem vísað var til sem „bílalána“, og talið að í þeim endurútreikningi fælist viðurkenning hans á því að stefnandi gæti byggt rétt á fullnaðarkvittunum í málinu.

Viðurkenningarkrafa stefnanda byggist á því að endurgreiðslukrafa beri vexti frá stofndegi sínum, þ.e. hverri og einni ofgreiðslu. Vextir samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 rúmist innan vaxtakröfu á grundvelli 4. gr. laga nr. 38/2001.

Sú fjárhæð sem felst í kröfugerð stefnanda er nánar skýrð svo að hún byggji á muninum á raungreiðslum stefnanda að teknu tilliti til reglunnar um fullnaðarkvittanir og greiðslum samkvæmt 4. gr. laga nr. 38/2001. Aðalkrafan miðist við að reglan gildi aðeins stefnanda til hagsbóta. Þegar þeir vextir sem stefnandi greiddi í reynd hafi verið lægri en vextir samkvæmt 4. gr. laga nr. 38/2001 sé því miðað við að stefndi eigi ekki rétt til viðbótarvaxta. Varakrafan miðist hins vegar við að svo sé. Með hliðsjón af því að ekki er tölulegur ágreiningur um kröfur stefnanda er ekki ástæða til að rekja frekar forsendur útreikninga hans.

Stefnandi vísar til almennra reglna á sviði kröfuréttar og samningaréttar, sérstaklega til meginreglunnar um endurgreiðslu ofgreidds fjár. Um kröfugerð vísar stefnandi til 27. gr. laga nr. 91/1991 og að dómkröfurnar séu samkynja. Jafnframt vísar stefnandi til 72. gr. stjórnarskrárinnar og reglunnar um bann við afturvirkni laga. Stefnandi vísar í heild til laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, sérstaklega 4. gr., 10. gr., 6. gr., 8. gr. og 18. gr., sem og 18. gr. eldri laga, auk laga nr. 151/2010

Málsástæður og lagarök stefnda

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því að endurútreikningur stefnda hafi verið í samræmi við lög nr. 38/2001, eins og þeim var breytt með lögum nr. 151/2010, sem og fordæmi Hæstaréttar. Stefnda hafi verið heimilt að taka skuldasamband aðila upp með þessum hætti enda hafi hann að fullu tekið tillit til inneignar vegna þeirra ofgreiðslna sem mynduðust vegna ólögmætrar gengistryggingar. Stefnandi byggir á því að með viðtöku endurútreiknings og greiðslum á grundvelli þeirra hafi stefnandi firrt sig rétti til að hafa uppi kröfur um endurgreiðslur síðar. Vísar hann til þess að sá fyrirvari sem stefnandi gerði hafi ekki verið nægilega skýr og afmarkaður. Stefnandi hafi því ekki verið í vondri trú við móttöku greiðslna stefnanda, enda ekki greitt án eða umfram skyldu.

Stefndi telur að stefnandi hafi ekki sýnt fram á að hann eigi rétt á endurgreiðslu á grundvelli reglna um endurheimt ofgreidds fjár. Stefnandi hafi ekki auðgast á kostnað stefnanda. Þvert á móti verði að líta svo á að endurheimtukrafa, sem miðast við að reiknaðir séu lágir erlendir vextir af íslenskri óverðtryggðri lánsfjárhæð, teljist frekar fela í sér auðgun stefnanda, á kostnað stefnda.

Verði talið að líta beri til reglna um viðbótarkröfurétt telur stefndi lagaskilyrði uppfyllt til að beina hafi mátt viðbótarkröfu að stefnanda við leiðréttingu. Stefnandi vísar til þess að meginreglan sé sú að kröfuhafi, sem fengið hefur minna greitt en hann átti rétt til, eigi kröfu á hendur skuldara um það sem vangreitt er. Frá meginreglunni gildi sú undantekning að fullnaðarkvittun geti að vissum skilyrðum fullnægðum valdið því að kröfuhafi glati viðbótarkröfu sinni. Tilkalli kröfuhafa til viðbótargreiðslu verði þó einungis hafnað við sérstakar aðstæður og beri stefnandi sönnunarbyrðina fyrir því að svo sé.

Stefndi telur að einstökum skilyrðum fyrir því að unnt sé að byggja á fullnaðarkvittunum sé ekki fullnægt. Stefnandi hafi ekki með réttu getað litið svo á að greiðslur væru fullnægjandi þó að sá þáttur skuldarinnar, þ.e. lánsmyntin, sem

ótvírætt var forsenda vaxtanna, ætti eftir að sæta endurskoðun. Stefnanda hafi ekki getað dulist samhengið á milli mynttilgreiningar og vaxtaviðmiðunar. Stefnandi vísar til stærðar, umfangs og sérfræðipækkingar stefnanda. Stefnandi verði ekki talinn geta hafa litið svo á með réttu að greiðslur væru fullnægjandi.

Stefndi telur að ekki hafi verið um aðstöðumun að ræða. Því er mótmælt sem nýrri málsástæðu og efnislega hafnað að stefndi hafi þegar viðurkennt að á milli stefnanda og stefnda sé nægur aðstöðumunur svo stefnandi verði ekki krafinn um viðbótarkröfu. Stefnandi vísar til þess að meginhluti skuldbindinga stefnanda hafi verið óefndur þegar kom að endurútreikningi.

Stefndi telur umfang viðbótarkrafa ekki verulegt þannig að fullnægt sé skilyrðum fyrir því að stefnandi geti byggt á fullnaðarkvittunum. Viðbótarkrafa nemi 6,72% þegar tekið sé mið af fjárhæð viðbótarkröfu sem hlutfalls af eftirstöðvum lánsins eins og það átti að standa miðað við umsamdar afborganir annars vegar og upphaflegan höfuðstól hins vegar. Hlutfallið sé enn lægra ef miðað sé við framreiknaðan höfuðstól sem stefndi telur nema 1.189.999.318 krónum í september 2011 að teknu tilliti til lánskjaravísitölu.

Stefndi telur stefnanda vera stórt fyrirtæki á íslenskan mælikvarða. Ársreikningur 2012 sýni veltu um 7 milljarðar króna, hagnaður (EBIDTA) 329 milljónir króna og eignir alls um 3.5 milljarðar króna. Stefnandi sé ekki einstaklingur, fámennt sveitarfélag eða lítið fyrirtæki, svo sem átt hafi við í þeim dómum Hæstaréttar þar sem fallist hafi verið á fullnaðarkvittanir. Stefnandi vísar einnig til þess að sérsjónarmið hljóti að gilda um sveitarfélög. Tekjur þeirra og gjöld séu að meginstefnu til lögbundin og svigrúm þeirra sé takmarkað.

Ekkert liggir fyrir um að viðbótarkrafa stefnda hafi valdið slíkri röskun á fjárhagslegri stöðu stefnanda að jafna megi til óhagræðis sem einstaklingur eða lítið fyrirtæki yrði fyrir vegna óvæntrar kröfu um verulega viðbótargreiðslu. Stefnandi hafi haldið áfram greiðslum. Endurgreiðslukrafa stefnanda verði ekki réttlætt með því að viðbótarkrafa stefnda sé nú svo íþyngjandi að henni hafi ekki mátt beina að stefnanda við endurútreikning í september 2011. Stefnandi hafi einnig haft uppi viðbótarkröfu sína án tafar, þ.e. strax við endurútreikning.

Að því er varðar kröfugerð stefnanda hafnar stefndi því að „ofgreiðslur“, sem myndast þegar vextir, sem greiddir voru á einstökum gjalddögum fram að endurútreikningi, voru hærri en vextir samkvæmt 4. gr laga nr. 38/2001, myndi einar og sér kröfurétt stefnanda. Í öllu falli eigi að virða lögskipti aðila fram að endurútreikningi sem eina heild, en væntanlega sé ekki umdeilt að stefnandi hafi ekki að öllu samanlögðu ofgreitt af vaxtaskuld sinni á tímabilinu fram að endurútreikningi, þ.e. ef miðað er við vexti skv. 4. gr., sbr. 3. gr. laga nr. 38/2001. Ekki er gerð sérstök athugasemd við útreikningsaðferð við fjárhæð í varakröfu stefnanda.

Stefndi mótmælir sjónarmiðum stefnanda um vexti. Krafa um vexti samkvæmt 4. gr. laga nr. 38/2001 eigi sér sér enga stoð, hvorki í lögum nr. 38/2001, fyrir eða eftir gildistöku laga nr. 151/2010. Lögum nr. 151/2010 verði auk þess ekki beitt með afturvirkum hætti. Löggjöfnun frá lögum nr. 29/1995 um endurgreiðslu oftekinna skatta sé ekki tæk. Þá eigi 8. gr. laga nr. 38/2001 ekki ekki við, enda krafa stefnanda ekki reist á því að um skaðabætur sé að ræða og ekki um

skaðabótaskylda háttsemi að ræða.

Niðurstaða

Í máli þessu er óumdeilt að það lán sem stefnandi tók hjá stefnda og áður er lýst var bundið gengistryggingu í andstöðu við ákvæði laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Fyrir liggur endurútreikningur stefnanda vegna lánsins frá 1. september 2009. Með bréfi lögmanns stefnanda 21. október 2011 var endurútreikningum stefnda, þ.á m. vegna þess láns sem hér um ræðir, mótmælt auk þess sem því var sérstaklega mótmælt að stefnda væri heimilt að raska með afturvirkum hætti uppgerðum tímabilum lánessamninga sem gerð hefðu verið upp með greiðslum til samræmis við greiðsluseðla. Þá var tekið fram í bréfinu að stefnandi hygðist engu að síður greiða áfram afborganir af lánessamningum til samræmis við endurútreikninga stefnda en gerði alla fyrirvara og áskildi sér rétt til endurgreiðslu ofgreiddra gjalda, leiddu lög eða dómar Hæstaréttar að lokum til hagstæðari niðurstöðu.

Af 95. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 5. mgr. 101. gr. sömu laga, verður dregin ályktun um að stefnanda máls sé heimilt að leggja fram gögn eftir þingfestingu máls ef dómari telur að hann verði ekki krafinn um þau þá þegar, enda séu gögnin lögð fram jafnskjótt og tilefni verður til. Áðurlýst bréf stefnanda var lagt fram í tilefni af þeirri vörn stefnda að stefnandi hefði ekki gert nægilegan fyrirvara við greiðslur sínar eftir að endurútreikningur stefnda lá fyrir. Liggur jafnframt fyrir að bréfið var lagt fram í beinu framhaldi af framlagningu greinargerðar stefnda.

Að mati dómsins getur ekki orkað tvímælis að áðurlýst gagnaframlagning stefnanda, svo og sú málsástæða sem á henni byggir, er nægilega snemma fram komin. Þá er haldlaus sú málsástæða stefnda að téð skjal hafi ekki að geyma nægilega sérgreindan fyrirvara við útreikning stefnda. Hins vegar verður ekki ráðið af stefnu að málatilbúnaður stefnanda sé á því byggður að stefndi hafi með endurútreikningi á öðrum og óskyldum lánnum hans viðurkennt skyldu til að bera þann vaxtamun sem hlaust af ólögumatri gengistryggingu þess láns sem hér um ræðir. Gegn mótmælum stefnda getur þessi málsástæða stefnanda því ekki komið til álita. Þá er ekki á það fallist að stefndi hafi á einhverjum tíma viðurkennt slíka skyldu sína fyrir stefnanda eða gefið honum réttmæta ástæðu til að ætla að fallist yrði á kröfur hans þessa efnis.

Samkvæmt framangreindu kemur til úrlausnar sú meginmálsástæða stefnanda að stefnda hafi við endurútreikning lánsins verið óheimilt að áskilja sér vexti samkvæmt 1. málslíð 4. gr. laga nr. 38/2001 með afturvirkum hætti vegna reglu fjármunaréttar um fullnaðarkvittanir og þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 18. gr. laga nr. 38/2001, eins og þeirri grein var breytt með lögum nr. 151/2010.

A

Í dómi Hæstaréttar 16. september 2010 í máli nr. 471/2010 var komist að þeirri niðurstöðu að bein og órjúfanleg tengsl væru á milli tiltekinna ákvæða lánessamnings um samningsvexti og ólögumætrar gengistryggingar samningsins.

Ógildi ákvæðis um gengistryggingu leiddi því til þess að líta yrði með öllu fram hjá ákvæðum sammingsins um vaxtahæð. Þá var talið að þessar aðstæður væru sambærilegar því að samið hefði verið um að greiða vexti af peningakröfu, án þess að vextir hefðu verið tilteknir og því væri rétt að lán bæri vexti samkvæmt 1. málslíð 4. gr. laga nr. 38/2001, þ.e. vexti sem Seðlabanki Íslands ákveður með hliðsjón af lægstu vöxtum á nýjum almennum óverðtryggðum útlánnum hjá lánastofnunum og birtir eru samkvæmt 10. gr. laganna.

Með 1. mgr. 2. gr. laga nr. 151/2010, sem höfðu að meginefni breytingar á lögum nr. 38/2001 vegna dóma Hæstaréttar í svokölluðum gengislánamálum, þ. á m. í fyrrgreindu hæstaréttarmáli, var þeirri reglu slegið fastri að lán bundið ólögmætri gengistryggingu skyldi bera vexti samkvæmt 1. málslíð 4. gr. laga nr. 38/2001. Var í athugasemdum við frumvarp til laganna talið að regla þessi væri í fullu samræmi við niðurstöðu Hæstaréttar í fyrrgreindum dómi 16. september 2010 en rétt þætti að „sú regla sé skýrð í lögum og öllum ljós“. Þá var í almennum athugasemdum við frumvarpið lögð á það áhersla að fyrir lægi að ógild væru ákvæði tugþúsunda samninga „sem allir hefðu væntanlega gert án þvingana og í góðri trú um að þeir væru í samræmi við lög og reglur“. Kom fram að við þessar aðstæður hefði löggjafinn heimild og skyldu að stjórnlögum til að setja almennar reglur í þágu almannahagsmuna. Einnig sagði í athugasemdunum að leitast hefði verið við að taka tilhlýðilegt tillit til hagsmuna kröfuhafa og skuldara, en jafnframt væri það forsenda lagasetningarinnar að hún væri almenn og jafnræði væri tryggt.

B

Með dómi Hæstaréttar 15. febrúar 2012 í máli nr. 600/2011 var áréttuð sú undantekning frá meginreglu kröfuréttar um fullar efnidir samninga að kröfuhafi geti, að ákveðnum skilyrðum fullnægðum, glatað rétti til fullra efnda þegar skuldari hefur mótttekið kvittun úr hendi kröfuhafa og hefur þar með réttmæta ástæðu til að ætla að hann sé búinn að gera upp að fullu greiðslu sína þannig að ekki komi til frekari kröfu síðar. Jafnframt var það niðurstaða Hæstaréttar í því máli að nánari skilyrðum fyrir því að víkja frá meginreglunni væri fullnægt þegar öll atriði höfðu verið metin heildstætt. Leiddi af því að lánveitandi gat ekki krafist skuldara um viðbótargreiðslur vegna vaxta með afturvirkum hætti. Var það jafnframt niðurstaða Hæstaréttar, með vísan til 72. gr. stjórnarskrár lýðveldisins nr. 3/1944, sbr. 10. gr. stjórnarskipunarlaga nr. 97/1995, að fyrrnefnd lög nr. 151/2010 gætu ekki haggð þessari niðurstöðu, enda væri ekki með almennum lögum unnt að hrófla, svo að íþyngjandi væri með afturvirkum hætti, við réttarreglum um efni skuldbindinga og greiðslu skulda frá því sem gildi þegar til þeirra væri stofnað og af þeim greitt. Hefur þessi meginafstaða Hæstaréttar verið áréttuð í síðari dómum.

Forsendur Hæstaréttar verður að túlka á þá leið að lög nr. 151/2010 séu, vegna fyrirmæla 72. gr. stjórnarskrárinnar, að vettugi virðandi að því marki sem þau svipta skuldara rétti, sem hann hefði annars haft samkvæmt almennum reglum fjármunaréttar, til að bera fyrir sig fullnaðarkvittanir vegna greiðslu vaxta af láni sem bundið er ólögmætri gengistryggingu. Samkvæmt þessu geta lög nr. 151/2010 ekki haggð við rétti lántaka til að byggja rétt á fullnaðarkvittunum samkvæmt almennum reglum kröfuréttar sem þegar hafði skapast honum til handa við gildistöku laganna 29. desember 2010. Slík niðurstaða jafngildir hins vegar því að lánveitandi fái í reynd sammingsvexti sem miðuðust við brostna forsendu samkvæmt dómum Hæstaréttar, þ.e. ólögmæta gengistryggingu lánsins. Gildir þá

einu þótt leiða megi að því líkur að lántaki hefði aldrei getað vænst þess að fá óverðtryggt lán í íslenskum krónum á slíkum vöxtum.

Samkvæmt framangreindu verður að túlka fordæmi Hæstaréttar á þá leið að það jafnvægi milli hagsmuna skuldara og lánveitanda sem leitast var við að ná með setningu laga nr. 151/2010 hafi við vissar aðstæður falið í sér meiri skerðingu á stjórnskipulega vernduðum eignarréttindum skuldara en löggjafanum var heimilt að ákveða. Í ljósi dóma Hæstaréttar getur það því eitt og sér ekki ráðið úrslitum að stefnandi málsins hefði aldrei getað vænst þess að fá óverðtryggt lán í íslenskum krónum með þeim samningsvöxtum sem áður er lýst, þ.e. vöxtum sem miðuðust í grunninn við millibankavexti í Lundúnum (LIBOR).

C

Eins og fram kemur í fyrrgreindum dómi Hæstaréttar hvílir fyrrgreind regla um fullnaðarkvittanir fyrst og fremst á þeim grundvelli að skuldari, sem fengið hefur í hendur viljayfirlýsingu kröfuhafa um að greiðslu sé lokið, hefur að jafnaði réttmæta ástæðu til að ætla hann sé búinn að gera upp að fullu greiðslu sína. Á hann þess vegna að geta treyst því að ekki komi til frekari kröfu síðar, enda hafi hann verið í góðri trú þegar hann innti af hendi greiðslur sínar. Geta aðstæður sem þessar þar af leiðandi talist þess eðlis að réttmætt sé að víkja frá meginreglu kröfuréttar um að kröfuhafi, sem fengið hefur minna greitt en hann átti rétt til í lögskiptum við skuldara, eigi tilkall til viðbótargreiðslu og fullra efnda.

Samkvæmt forsendum Hæstaréttar ræðst mat á réttmætum væntingum af fleiri atriðum, meðal annars af stöðu aðila og hvort festa hafi verið við framkvæmd samnings. Af forsendum fyrrgreinds dóms og síðari dóma verður þó ráðið að umrædd undantekning sé ekki aðeins talin helgast af því sem lántaki mátti með réttu vænta þegar hann fékk í hendur fullnaðarkvittun heldur hafi það ekki síður þýðingu hvaða röskun það hafi í för með sér fyrir fjárhagslega hagsmuni skuldara, sem um lengri tíma hefur hagað sér í samræmi við tilmæli kröfuhafa, ef kröfuréttarsambandið er tekið upp og honum gert að standa kröfuhafa skil á umtalsverðum viðbótargreiðslum fyrir liðna tíð. Miðar heildarmat á öllum framangreindum atriðum að endingu að því að skera úr um hvorum samningsaðila það standi nær að bera áhættuna af því að vaxtagreiðslur skuldara reyndust byggðar á þeirri brostnu forsendu sem áður er lýst.

Af þessu leiðir að meta verður áhrif fullnaðarkvittana á samnings samband með hliðsjón af stöðu samningsaðila í hverju og einu tilviki, bæði þegar lagt er mat á réttmæti væntinga lántaka og einnig þá röskun sem hann verður fyrir ef viðbótarkrafa lánveitanda er viðurkennd. Við beitingu reglunnar um fullnaðarkvittanir skiptir af þessum sökum verulegu máli hvort lántaki er annars vegar einstaklingur, lítið fyrirtæki eða fámennit sveitarfélag eða hins vegar eitt af stærstu verslunarfyrirtækjum landsins, sbr. einkum dóm Hæstaréttar 12. desember 2013 í máli nr. 463/2013. Þegar um er að ræða stærri fyrirtæki verður samkvæmt þessu að gera auknar og verulegar kröfur til væntinga lántaka, svo og umfangs og eðlis þeirrar fjárhagslegu röskunar sem hlýst af því að skuld samband aðila er tekið upp og lánveitandi fær fullar efndir.

Af dómaframkvæmd Hæstaréttar, sbr. einkum dóma Hæstaréttar 30. janúar 2014 í máli nr. 544/2013, 30. maí 2013 í máli nr. 50/2013 og 6. nóvember 2014 í máli nr.

110/2014 verður ályktað að auknar kröfur til stærri fyrirtækja leiði ekki til þess að þau séu alfarið svipt möguleikum á því að bera fyrir sig fullnaðarkvittanir vegna vaxtagreiðslna af ólögmaetum gengistryggðum lánum. Á hinn bóginn leiðir af dómaframkvæmd að leggja verður mat á atvik hvers og eins máls sérstaklega. Verður því ekki talið að umræddir dómar verði fyrirvaralaust lagðir til grundvallar sem fordæmi í máli þessu.

D

Ekki er deilt um fjárhæð eftirstöðva lánsins á endurútreikningsdegi, annars vegar að teknu tilliti til vaxta samkvæmt 1. málslíð 4. gr. laga nr. 38/2001, og hins vegar að því gefnu að samningsvextir hafi verið að fullu greiddir á þessu tímamarki og höfuðstóll jafnframt lækkaður til samræmis við raungreiðslur stefnanda. Að virtum þessum tölum verður á það fallist með stefnanda að krafa stefnda um viðbótarvexti hafi numið u.þ.b. 26% af upphaflegum höfuðstól lánsins. Ef tekið er tillit til verðbreytinga frá lántökudegi til endurútreikningsdags er þetta hlutfall einungis um 19% af höfuðstól, en engu að síður yfir þeim mörkum sem miðað hefur verið við í dómaframkvæmd, við mat á þessu atriði, þegar um er að ræða einstaklinga, sveitarfélög eða lítil fyrirtæki. Í máli þessu er hins vegar til þess að líta að stefnandi er stórt fyrirtæki á íslenskan mælikvarða. Árið 2011, þegar endurreikningur lánsammansins fór fram, nam velta stefnanda um 6.942.443.156 krónum. Hreinn hagnaður stefnanda það ár var 112.460.973 krónur en hafði numið 776.664.460 krónum árið þar á undan. Stefnandi hefur tekjur sínar af innflutningi og sölu á eldsneyti en alkunna er að verðmyndum á slíkum vörum fylgir að verulegu leyti heimsmarkaðsverði. Gögn málsins benda til þess að stefnandi hafi tekið yfirvegaða ákvörðun um að taka gengistryggð lán hjá stefnda og átt kost á því að verja sig gegn óæskilegum áhrifum gengisbreytinga. Þá leiddi endurútreikningur stefnda ekki til þess að stefnandi væri skyndilega krafinn um auknar greiðslur heldur var þvert á móti um það að ræða að afborganir stefnanda lækkuðu til muna.

Að virtum öllum framangreindum atriðum þykir stefnandi ekki hafa sýnt fram á að áskilnaður stefnda um vexti samkvæmt 1. málslíð 4. gr. laga nr. 38/2001 til samræmis við ákvæði laga nr. 151/2010 hafi valdið honum svo verulegri og óvæntri röskun á fjárhagslegri stöðu að það standi stefnda nær að bera áhættuna af þeim vaxtamun sem áður er lýst. Eru því ekki uppfyllt skilyrði til að víkja frá fyrirmælum settra laga um endurútreikning téðra lána með vísan til fyrrgreindra ákvæða 72. gr. stjórnarskrárinnar og áðurlýstrar reglu kröfuréttar um fullnaðarkvittanir. Verður stefndi því sýknaður af kröfum stefnanda.

Rétt þykir að málskostnaður falli niður.

Af hálfu stefnanda flutti málið Sigríður Rut Júlíusdóttir hrl.

Af hálfu stefnanda flutti málið Andri Árnason hrl.

Skúli Magnússon héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð

Stefndi, Landsbankinn hf., er sýkn af kröfum stefnanda, Atlantsolíu ehf.

Málskostnaður fellur niður.

Skúli Magnússon

Rétt endurrit staðfestir,

Héraðsdómi Reykjavíkur, 7. nóvember 2014.